

Skýrsla Æskulýðsnefndar Hornfirðings starfsárið 2021 – 2022.

Fyrstu hestarnir komu á hús í félagsheshúsinu um í byrjun nóvember 2021 þar á meðal hestar fyrir börn og unglinga sem hafa forgang að stíum í húsinu. Hestamannafélagið Hornfirðingur niðurgreiðir mánaðargjald á stíum um 50% fyrir börn og unglinga og leitar síðan til fyrirtækja um styrki á móti. Aðalfundur hestamannafélagsins var haldinn á netinu 9. janúar 2022 vegna sóttvarnaraðstæðna, þar voru teknir inn nýir félagar, þar á meðal nokkur börn og unglingar. Nefndir voru skipaðar fyrir komandi starfsár. Stjórn Hornfirðings ákvað að leggja æskulýðsnefnd til styrk að upphæð kr. 250.000,- en það er styrkur frá hjónunum Björk og Geir Þorsteinssyni sem reka fyrirtækið Þingvað ehf. Styrkurinn er ætlaður fyrir æskulýðsstarf hestamannafélagsins og kemur sér vel fyrir námskeiðahald ofl. Við sendum þeim hjónum bestu þakkir fyrir stuðninginn. Auk þess er áætlað framlag hestamannafélagsins kr. 200.000,- á árinu til að greiða niður kostnað við námskeið ofl. á vegum æskulýðsnefndar.



Þátttakendur í hæfileikamótun 2021-2022 mætt í heimsókn að Hólum í Hjaltadal.

Hæfileikamótun 2021-2022 á vegum LH hófst í október 2021 með heimsókn að Hólum í Hjaltadal. Þátttakendur fengu tækifæri til að dvelja eina helgi að Hólum, kynnst háskólanum, fá afnot af aðstöðunni og skólahestunum sem hafa mikilvægt hlutverk í skólanum, fá að upplifa sýnikennslu og aðstoð við reiðkennslu frá kennurum skólans. Alls bárust 48 umsóknir um þátttöku og 28 unglingar fengu aðgang og þar af voru tveir fulltrúar frá Hornfirðingi, þau Friðrik Snær Friðriksson og Elín Ósk Óskarsdóttir. „Með því að vera komin í hæfileikamótun eru þátttakendur orðin hluti af afreksstarfi LH – þrúð hegðun innan vallar sem utan er nauðsynleg til að fá að vera þátttakandi í þessu starfi“, segir yfirkennarinn Sigvaldi Lárus Guðmundsson reiðkennari sem mun kenna öllum hópnum ásamt einum aðstoðarkennara hverju sinni.

Í nóvember voru tveir fyrirlestrar á vegum Afreksbúða ÍSÍ fyrir krakkana á netinu þar sem Elísa Viðarsdóttir næringafræðingur og landsliðskona í knattspyrnu talaði um orkuefnin og samsetningu máltíða og mikilvægi þess að huga að samsetningu fæðunnar. Orkuefnin prótein, fita og kolvetni eru öll nauðsynleg líkhamanum en í mismiklu magni. Sama dag var boðið upp á fyrirlestur með Kolbeini H. Gunnarssyni, viðskiptafræðingi og landsliðsmanni í sprett-hlaupum, hann talaði um möguleika á námi samhliða æfingum og keppni í Bandaríkjunum. Sjálfur dvaldi hann erlendis á fullum skólstyrk og deildi reynslu sinni og sagði frá möguleikum sem þar eru í boði. Þann 15. desember var fyrirlestur á vegum LH sem einnig var haldinn á netinu vegna aðstæðna. Fyrirlesturinn var um næringu og mataræði til hámarks árangurs í hestamennsku, Geir Gunnar Markússon næringafræðingur og einkaþjálfari sem starfar hjá Heilsustofnun NFLÍ og er einnig ráðgjafi á sviði heilsuefningar. Helstu atriði sem farið var yfir á fyrirlestrinum voru, 1) Mikilvæg atriði í næringu til að ná árangri. 2) Einfaldar reglur í næringu. 3) Matur og drykkir í kringum mót/keppni. 4) Mataræði og keppnisferðir. 5) Notkun fæðubótaefna, Æskilegt / óæskilegt. 6) Farið yfir ranghugmyndir varðandi heilsu og næringu. Mjög áhugaverður fyrirlestur þar sem Geir Gunnar lagði áherslu að heildarjafnvægi, byggja upp líkama og sál, agi og metnaður, rétt næring og vökvi og andlega heilsa / sjálfstraust, hamingja, tilgangur og góður félagsskapur. „Engin keðja er sterkari en veikasti hlekkurinn“



Það er alltaf gaman hjá þeim í hestaferðalögum á Suðurlandið þó mikill tími fari í akstur.

Boðið var upp á reiðkennslu í janúar og febrúar á Suðurlandi, kennsluhelgarnar fóru fram í Eldhestahöllinni við Hveragerði. Fyrri helgin var 22. - 23. janúar og fór kennslan fram í einkatímum með reiðkennurunum Sigvalda Lárusi Guðmundssyni og Hönnu Rún Ingibergsdóttur. Við fórum með hestana frá Höfn á Selfoss á föstudeginum, fengum inni fyrir þá í félagshesthúsinu hjá Sleipni en hún Linda Björgvinsdóttir sér um æskulýðsmálin þar og Viktor Óli sonur hennar er einnig með krökkunum okkar í hæfileikamótun LH. Þannig hafa myndast tengsl á milli krakkana og einnig okkar sem sjáum um æskulýðsstarf í hestamannafélögunum. Við mættum síðan með hestana og krakkana í Eldhestahöllina bæði laugardag og sunnudag þar sem þau fengu einkatíma með tveimur reiðkennurunum og gátu einnig fylgst með öðrum krökkum í einkakennslu. Seinni helgin var haldinn 26.-27. febrúar og þá var Helga Una Björnsdóttir með einkatíma ásamt Sigvalda Lárusi Guðmundssyni. Helgina 30. apríl – 1. maí var farin æfingaferð á Selfoss þar sem tekin var æfing á hringvelli með Sigvalda Lárusi

Guðmundssyni reiðkennara og umsjónamanni hæfileikamótunar LH. Þann 24. júní var hópferð um suðurlandið og lokahittingur hjá hópnum þar sem heimsóttir voru skemmtilegir staðir og eiga góðan dag saman. Þau Friðrik Snær og Elín Ósk voru mjög ánægð með tímabilið og ákveðin í að sækja aftur um að fá að vera með á næsta starfsári, 2022-2023. Ída Mekkín, sem er einu ári yngri, er líka ákveðin í að sækja um.

Meistaradeild Líflands og æskunnar veturinn 2022 í TM höllinni í Fáki. Keppnin er liðakeppni og einstaklingskeppni. Fulltrúi Hornfirðings í Nettó liðinu annað árið í röð er Friðrik Snær Friðriksson og fyrsta keppnin var V1 fjórgangur þann 4. febrúar. Síðan var keppt í F1 fimmgangi 20. febrúar. Gæðingafimi, T1 tölta og síðan í T2 slaktaumatölta og PP1 gæðingaskeiði sem var lokamótið, sunnudaginn 3. apríl, T2 inni TM-reiðhöllinni og gæðingaskeiðið PP1 úti á skeiðvelli. Friðrik tók þátt í flestum greinum og gekk mjög vel en hann var með hross sem voru að stíga sín fyrstu skref í íþróttakeppni, hann var með lánshest Höfða frá Bakkakoti í gæðingaskeiðinu og var í verðlaunasæti þar með einkunina 5,75, vel gert. Alls voru farnar fimm ferðir með knapa og hesta, yfirleitt æfing deginum áður og síðan keppni á sunnudegi og heimferð á eftir. Ætla má að keyrðir hafa verið milli 5-6 þús. kílómetrar á milli bara vegna þátttöku fulltrúa okkar með hestana sína í Meistaradeild Líflands og æskunnar.



Nettó liðið í Meistaradeild Líflands 2022, Embla, Friðrik, Ragnar og Dagur með liðaplattan fyrir Slaktaumatölta og Friðrik Snær og Jón Ársæll með verðlaun fyrir gæðingaskeið.

Ístólt Austurlands, haldið á Héraði, á Höfðavatni við Útnyrðingsstaði. Fulltrúar úr Hornfirðingi mættu til keppni í öllum flokkum og stóðu stig vel. Pálmi, Snæsa og Gunnar Þorsteins fóru austur á föstudeginum með hestana á kerru og Elínu Ósk, Ídu Mekkín og Hildi Sunnu og fengu aðstöðu á Gíslastöðum hjá Ellen vinkonu Snæsu fyrir hesta og mannskap. Aðrir keppendur í unglingaflokki þau Eyvör Stella, Eyrún Stína og Erlingur Páll komu á keppnisstað um morguninn. Frábært veður var á keppnisdegi, sól og heiðskýrt og að mestu logn, en ansi kalt (-14stig.) Svellið var mjög gott og allir skemmtu sér vel. Elín Ósk og Ísafold frá Kirkjubæ voru 2. sæti eftir forkeppni í B-flokki fullorðinsflokki með einkunnina 8,47 en hryssan vildi ekki brokka í úrslitum og enduðu þær í 6. sæti. Elín Ósk og Ísafold voru síðan efstar eftir forkeppni í T7 unglingaflokki með einkunina 6,50 – Ída Mekkín og Brák í þriðja sæti með 5,80 og Eyvör

Stella og Draupnir í fimmta sæti með 4,55, Erlingur Páll og Máni í 6 sæti og Eyrún Stína og Herkúles keppti líka í þessum flokki. Í úrslitum lentu Elín Ósk og Ísafold í 2. sæti, Ída Mekkín og Brák í 3. sæti og Eyvör Stella og Draupnir í 5 sæti.



Ístölt á Austurlandi, haldið á Höfðavatni við Útnyrðingsstaði í fallegu en köldu veðri.

Reiðnámskeið með Olil Amble reiðkennara helgina 25.-26. febrúar, námskeiðið var ætlað fyrir keppnisfólk og þá sem eru komnir lengra í þjálfun og sýningum. Hestamannafélagið greiddi niður kostnað fyrir unglinga sem tóku þátt í námskeiðinu. Elín Ósk, Ída Mekkín og Eyvör tóku þátt, en auk þeirra voru nokkrir eldri félagar úr Hornfirðing í einkatímum. Því miður var Friðrik Snær var að keppa í Meistaradeild Æskunnar um þessa sömu helgi en stefnt er að því að komast aftur í einkatíma hjá Olil Amble því allir voru mjög ánægðir með kennsluna. Sirkus helgar námskeið var haldið helgina 18.-20. mars, Ragnheiður Þorvaldsdóttir reiðkennari var með námskeiðið. Stjórn hestamannafélagsins bauð upp á þetta námskeið fyrir börn og unglinga í Hornfirðingi. Snæsa í Lækjarhúsum lánaði fimm hesta fyrir pollaflokk og allir sem komust á námskeiðið voru mjög ánægðir. Þeba Björt Karlsdóttir hafði veg og vanda af þessu námskeiði því Snæsa var með Friðrik Snæ að keppa í Meistaradeildinni fyrir sunnan og Pálmi, Elín Ósk og Ída Mekkín voru öll heima með Covid veikindi þessa helgi.



Vetrarleikar í reiðhöllinni, Eyrún og Herkúles, Bjarni og Aþena, Eyvör og Draupnir. Rósa Birna reiðkennari var með skemmtilegt Sirkusnámskeið og pollanámskeið í reiðhöllinni.

Vetrarleikar voru haldnir sunnudaginn 27. febrúar í reiðhöllinni, þar var meðal annars keppt í tölti 17 ára og yngri og þar tóku þátt Eyvör og Draupnir frá Álfhólum, Bjarni og Aþena frá Haga og Eyrún og Herkúles frá Hjarðarfelli.

Á Föstudaginn langa fóru nokkrir félagar í Hornfirðingi (15) í páskareiðtúr upp hjá Miðskeri yfir Hoffellsárbrú og upp bakkana í gerði við Stórulæg í ágætu veðri. Á Páskadag var síðan farið út að Horni á bíl með hesta og knapa þar sem farið var í góðan reiðtúr um fjörunar í ágætu veðri og hestarnir teknir til kostanna. Fararstjóri var Örn Þór Þorbjörnsson formaður útreiðarnefndar og þátttakendur voru 18 talsins. Takk fyrir útreiðarnefnd og landeigendur.



Páskaútreið Hornfirðings á föstudaginn langa upp með Hoffellsá og Páskadag út á fjörunar á Horni.



Firmakeppni Hornfirðings 21. apríl, verðlaunaafhendingi í Stekkhól

Þann 1. maí var auglýst opið hús hjá Hornfirðingi, Æskan og hesturinn, í félagshesthúsinu og reiðhöllinni, boðið var upp á grillaðar pylsur, kaffi og safa fyrir gesti og Snæsa kom með nokkra hesta og teymt var undir börnum í reiðhöllinni

Unglingarnir okkar sem hafa verið dugleg að keppa í sumar, þau Friðrik Snær, Elín Ósk og Ída Mekkín réðu sig öll í sumarvinnu á hestabú til að geta varið sem mestum tíma í að umgangast hesta og læra af atvinnufólki í hestamennsku. Friðrik Snær var á Margrétarhofi hjá Aðalheiði og Reyni. Elín Ósk var hjá Bjarneyju og Hlyn á Svanavatni og Ída Mekkín var hjá Snæsu og Friikka í Lækjarhúsum. Þau ákváðu síðan að undirbúa sig fyrir félagsmótið með því að taka þátt í Gæðingamóti Sleipnis á Selfossi sem haldið var um hvítasunnuhelgina 3-6 júní. Við buðum Hildi Sunnu að koma með og keppa líka á mótinu og lánuðum henni Brák frá Lækjarbrekku sem krakkarnir hafa öll keppt á þegar þau stigu sín fyrstu skref í barnaflokki. Við fengum aðgang að félagshesthúsinu hjá Sleipni fyrir hestana og Linda og Viktor tóku okkur opnum örmum eins og áður. Mótið var mjög skemmtilegt, frábært veður og hestarnir í topp formi hjá krökkunum og einkunnir eftir því. Ída Mekkín og Marín frá Lækjarbrekku stóðu eftar eftir forkeppnina á laugardeginum og Elín Ósk og Ísafold frá Kirkjubæ fylgdu fast á eftir og Friðrik var síðan með tvo hesta í úrslit þá Hrók frá Garðshorni og Emblu frá Þjóðólfsþaga. Úrslitin fóru síðan fram á annan í hvítasunnu í mjög góðu veðri og krakkarnir gerðu sér lítið fyrir og voru í 1, 2 og 4 sæti. Elín Ósk og Ísafold með einkunina 8,70, Ída Mekkín og Marín 8,65 og Friðrik og Embla 8,38. Frábær árangur hjá þeim öllum.



Gæðingamót hjá Sleipni á Selfossi, Ída Mekkín, Elín Ósk og Friðrik Snær voru öll í verðlaunasætum og Hildur Sunna keppti einnig á sínu fyrsta móti.

Félagsmót Hornfirðings og úrtaka fyrir LM á Hellu 2022 var haldið helgina 18. – 19. júní að Fornustekku í Nesjum. Í barnaflokki voru 4 keppendur á 5 hrossum að stíga sín fyrstu skref í gæðingakeppni en þau voru Kolbrún Hilmarasdóttir og Garpur frá Nautabúi, Eyrún Stína S. Guðmundsdóttir og Funi frá Miðfossu, Erlín Hrefna Arnarsdóttir og Eymundur frá Hvítanesi og Bjarni Magnússon og Tinni frá Fornustekku.



Í pollaflokki mættu tveir knapar framtíðarinnar á hestum sínum, Ásthildur Magnúsdóttir á Stakki frá Fornustekkingum og Unnsteinn Heiðar Hlynsson á Klaustra frá Hraunbæ.

Í unglingaflokki gæðinga voru 6 keppendur á 11 hrossum. Í mjög spennandi A-úrslitum voru Ída Mekkín og Marín frá Lækjarbrekku eftar með einkunina 8,78, Elín Ósk og Ísafold frá Kirkjubæ 8,59 í öðru sæti og Viktor Óli og Kostur frá Margrétarhofi og Friðrik Snær og Flóki frá Hlíðarbergi jafnir í 3-4 sæti með 8,58 og Hildur Sunna Einarsdóttir og Brák frá Lækjarbrekku í 5 sæti með 7,92. Ída Mekkín var valin efnilegasti knapi mótsins af dómurum.



Félagsmót Hornfirðings, úrslit í unglingaflokki, verðlaunaafhending, Ída Mekkín á Marín, Elín Ósk á Ísafold, Viktor á Kosti, Friðrik Snær á Flóka og Hildur Sunna á Brák.



Úrslit tölt unglingar, Viktor Óli og Kostur 8,63, Friðrik Snær og Embla 8,45, Eyrún Stína og Funi 7,7

Landsmót hestamanna á Hellu á Rangárbökkum var haldið dagana 3.-10. júlí 2022. Fulltrúar Hornfirðings í barnaflokki voru, Eyrún Stína Guðmundsdóttir á Funa frá Mið-Fossum og Kolbrún Hilmarsdóttir á Garpi frá Nautabúi. Í unglingaflokki voru, Ída Mekkín Hlynsdóttir á Marín frá Lækjarbrekku, Elín Ósk Óskarsdóttir á Ísafold frá Kirkjubæ og Friðrik Snær Friðriksson á Flóka frá Hlíðarbergi. Hornfirðingur má senda tvo fulltrúa í hverjum flokki en Friðrik Snær komst inn á mótið á stöðulista þeirra sem ekki komust inn í úrtöku sinna félaga því hann var með það háa einkunn. Þannig vorur fulltrúar Hornfirðings 3 í unglingaflokki. Það hefur sennilega aldrei verið jafn sterkur unglingaflokkur á Landsmóti hestamanna, frábærir gæðingar og lista góðir knapar. Ída Mekkín og Marín komust áfram úr forkeppni í milliriðla lentu í 19. sæti af 90 keppendum með einkunina 8,51. Í milliriðlum lentu þær í 13 sæti með einkunina 8,49 og unnu sér rétt til að keppa í mjög sterkum B-úrslitum í unglingaflokki sem fóru fram á fimmtudeginum 7. júlí þær héldu sæti sínu og fengu einkunina 8,54 Frábær árangur hjá Ídu Mekkín og Marín í gæðingakeppni á sínu fyrsta landsmóti. Við erum afar stolt af öllum krökkunum okkar sem tóku þátt í keppni á landsmótinu, það var virkilega gaman að fylgjast með þeim, þau gerðu góðar sýningar og voru til fyrirmyndar.



*Landsmót hestamannafélaga að Gaddstaðaflötum við Hellu, Ída Mekkín og Marín frá Lækjarbrekku..
Mynd til hægri, unga fólkið á leið á ball .það varð að sjálfsögðu að klæða sig eftir veðri.*



Ída Mekkín og Marín frá Lækjarbrekku í B-úrslitum á LM Hellu 2022

Bjarney Unnsteinsdóttir og Hlynur Guðmundsson á Svanavatni sem eru bæði reiðkennarar frá Hólum hafa hjálpað krökkunum okkar mikið með þjálfun og útfærslu á sýningum. Friðrik Snær var líka vinnumaður hjá þeim sumarið 2021 og Elín Ósk nú í sumar. Ída Mekkín kom í nokkrar æfingaferðir fyrir mótin á Svanavatn, en hún var að vinna í hestum hjá Friikka og Snæsu frænku sinni í Lækjarhúsum í sumar. Gæðingamótið á Flúðum var haldið helgina 23.-24. júlí og stelpurnar fóru með Svanavatnsgenginu, Bjarney, Hlyn og Unnsteini Heiðari til að taka þátt og Friðrik Snær og Snæsa mamma hans komu frá Margrétarhofi með sína hesta en afi og amma stelpnanna gistu í Campernum á tjaldstæðinu. Mótið var haldið í frábæru veðri á Flúðum og öll aðstaða til fyrirmyndar, reiðhöll, veitingar og góð aðstaða fyrir áhorfendur. Í unglingaflokkki gæðinga voru 36 skráningar og mjög sterk hross og knapar. Á sunnudeginum mættu einnig foreldrar og systkini frá Hornafirði til að fylgjast með úrslitum en stelpurnar komust í A-úrslit og Ída Mekkín og Marín frá Lækjarbrekku enduðu þar í 4. sæti með einkunina 8,65 og Elín Ósk og Ísafold frá Kirkjubæ í 6 sæti með 8,53.



Gæðingamót á Flúðum í frábæru veðri og æfingabúðir á Svanavatni

Síðasta mótið sem farið var á í sumar var Gæðingamót Sörla í Hafnarfirði sem haldið var í lok ágúst einnig í mjög góðu veðri. Við fengum aðstöðu fyrir hrossin með Bjarney og Hlyn hjá Rikka í Hestefli. Forkeppnin fór fram á laugardeginum og þegar Ída Mekkín og Marín ætluðu að fara að hita upp kom í ljós að Marín var bólgin á vinstri framfæti þannig að að þær drógu sig úr keppni. Í unglingaflokkki voru skráð 20 hross og Elín Ósk og Ísafold voru efstar inn í A-úrslit með 8,58 og enduðu í 2. sæti með einkunina 8,65



*Gæðingamót Sörla í Hafnarfirði, 27-28 ágúst, 2022
Elín Ósk og Ísafold frá Kirkjubæ í 2. sæti í unglingaflokkki.*

Reiðiðnámskeið fyrir börn var haldið í reiðhöllinni 7.-10. júní. Eins og mörg undanfarin ár var Snæbjörg Guðmundsdóttir, (Snæsa) í Lækjarhúsum leiðbeinandi á námskeiðinu og var með eldri krakka úr æskulýðsstarfinu, sér til aðstoðar. Mikill áhugi var fyrir námskeiðinu og í allt tóku þátt um 20 börn, sem fengu lánaða hesta og reiðtygi hjá Snæsu. Strax eftir félagsmót Hornfirðings, dagana 20.-24. júní var haldið sumarnámskeið fyrir börn- og unglinga í Lækjarhúsum. Á námskeiðinu fengu krakkarnir að spreyta sig á ýmsum æfingum á hestunum, síðan var farið í útreiðartúr í sveitinni. Mikil ánægja var með þessi námskeið hjá krökkunum og foreldrum þeirra enda alltaf líf og fjör í kringum Snæsu.



Krakkanámskeið hjá Snæsu í reiðhöllinni og sumarnámskeið í Lækjarhúsum.

Fulltrúar í æskulýðsnefnd, Snæsa, Pálmi og krakkarnir tóku að sér fjáröflunarverkefni fyrir hestamannafélagið og æskulýðsnefnd. Boðið er upp á hestasýningar á keppnisvellingum fyrir erlenda ferðamenn sem koma hingað með skemmtiferðarskipum. Krakkarnir komu fram í íslenskum lopapeysum og sýndu gangtegundir íslenska hestsins og síðan var spjallað við fólkið á eftir og þeim leyft að taka myndir og klappa hestunum. Eftir sýninguna er boðið upp á heitt kakó og kleinur í félagsheimili Hornfirðings og þar fær fólkið að virða fyrir sér útsýni til jökla og nýta snyrtingar í húsinu. Alls voru fimm sýningar á hestavellingum í sumar og von er á enn fleiri sýningum sumarið 2023. Það sem safnast fyrir félagið verður ráðstafað til æskulýðsstarfs.

Undanfarin ár höfum við sem störfum í æskulýðsnend Hornfirðings útbúið viðburðadagatal með krökkunum þannig að dagskrá liggi fyrir um viðburði hjá hestamannafélaginu og ýmis mót og námskeið sem þau vilja taka þátt í. Reiðhöllin og félagshesthúsið eru forsenda þess að nú er hægt að búa til samfellu í æskulýðsstarfi og námskeiðahaldi þannig að krakkarnir geta byrjað fyrr og skipulagt sig fyrir tímabilið eins og gert er í öðrum íþróttagreinum. Einnig er mikilvægt að foreldrar og forráðamenn taki þátt í starfinu með okkur með heimsóknnum í félagshesthúsið, kaffistofuna og reiðhöllina. Þegar farið er í keppnisferðir á mót eða á námskeið eða slíkt, þá geta foreldrar líka komið með, til að veita stuðning og hlúð um leið að hinum félagslega þætti sem er hluti af hestamennskunni. Við sem störfum að æskulýðsmálum út á landi, þurfum að leggja enn meira á okkur til að krakkarnir okkar geti tekið þátt í hestamennskunni á landsvísu td. ferðalög með hesta og mannskap, oft um langan veg. Þá er mikilvægt að foreldrar, amma og afi og aðrir vinir og ættingarjar hjálpist að í ferðalögum með krökkunum. Við erum svo heppin í Hornfirðingi, að hafa aðgang að frábæru fólki, Snæsu og Frikkka í Lækjarhúsum, sem reka þar tamningastöð og hestaleigu en þau hafa lánað hesta á námskeiðum fyrir krakka á öllum aldri mörg undanfarin ár og við viljum þakka þeim fyrir ómetanlega aðstoð og hjálpsemi. Við erum líka spennt fyrir næsta ári, búin að halda fund í æskulýðsnefnd og stilla upp drögum af viðburðardagatali fyrir starfsárið 2022-2023, þar er einn af hápunktunum þátttaka í Fjórðungsmóti á Austurlandi sem haldið verður á Íðavöllum á Héraði dagana 6. – 9. júlí 2023, við ætlum okkur að fjölmenna austur og hafa gaman. Að lokum viljum við nota tækifærið og þakka öllum fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári.

Hornafirði, í október 2022.

F.h. Æskulýðsnefndar Hornfirðings,
Pálmi Guðmundsson